

Ársskýrsla 2019
**HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS**



AÐ SKAPA GÓÐA STEMMNINGU

Sigríður Sigurjónsdóttir

Forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands

Síðastliðin þrjú ár höfum við farið í talsverðar breytingar á eðli sýninga í Hönnunarsafni Íslands. Það má segja að árið 2019 hafi þessar breytingar fest sig í sessi, orðnar nokkuð mótaðar og farnar að virka. Við þurfum þó alltaf að vera tilbúin að breyta, grípa ný tækifæri, aðlaga okkur að nýjum aðstæðum.

Breytingarnar snérust um það að gera safnið líflegra og að fleira fólki fyndist það tilheyra safninu. Þær snérust um að hér skapaðist samtal og hugmyndir og að safnið væri staður þar sem maður tækist á flug, yrði spenntur, forvitinn, uppgötvaði hluti og framkvæmdi.

Á virkum dögum er fjöldi starfsmanna á Hönnunarsafni Íslands 2–3, á víð og dreif í 1400 fermetra húsnæði. Þetta eru ekki kjöraðstæður fyrir lifandi safn.

Þar sem ég er sjálf hönnuður studdist ég við aðferðafræði hönnunar sem ég hef nýtt í öðrum verkefnum. Aðferðafræðin er í einföldu máli þessi: Við erum með ákveðinn grunn: Einstakan safnkost, húsnæði, þekkingu, fátt en gott starfsfólk og góðan bakhjarl í Garðabæ. Þetta er okkar efniviður og við skisum upp og gerum frumgerðir/tilraunir til að finna út hvað virkar og hvað virkar ekki til þess að ná okkar markmiðum. Ég er mjög þakklát samstarfsmönnum mínum, þeim Ingiríði afgangslustjóra og Þóru safnafræðingi, fyrir að vera til í alls konar tilraunir og uppátæki.

Til þess að skapa líflegt safn var augljóst að hingað þyrfti að fá fleira fólk og verkefni í hús, einungis þannig verður til samtal og líf. Það er hægara sagt en gert að fá samþykkt auka starfsgildi

þannig að hugmyndin var að bjóða fólki sem tengist viðfangs-efnum safnsins **lykla** að safninu svo það gæti starfað hér að sínum verkefnum í samstarfi við safnið. Haustið 2017 var fatahengi í anddyri safnsins breytt í lifandi vinnustofu þar sem hönnuðum er boðið að koma, setja upp vinnuaðstöðu og vinna að sínum verkum, kynna þau og selja. Rýmið er hluti af safnbúðinni og hver hönnuður dvelur hér í um þrjá mánuði. Þetta verkefni hefur gefist einstaklega vel og lífgar mikið upp á safnið, veitir innblástur, er fræðandi og skemmtilegt.

Hönnuðurnir sem komu hingað í vinnustofudvöl árið 2019 voru **Pórey Björk Halldórsdóttir**, hönnuður, **Baldur Björnsson**, mynd- og raftónlistarmaður, **Shu Yi**, grafískur hönnuður, **Signý Þórhallsdóttir**, fatahönnuður og **Anna María Pitt**, sífursmiður.

Árið 2018 var innri sýningarsalur safnsins tekinn undir skráningar og rannsóknir sem að öllu jöfnu fara ekki fram fyrir opnum tjöldum. Við köllum þetta SAFNIÐ Á RÖNGUNNI. Á árinu 2019 voru tvö skráningarverkefni tekin fyrir hér. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel, gestir kunna að meta það að hitta og spjalla við starfsmann safnsins og eins hafa gestir gefið okkur upplýsingar varðandi gripina sem verið er að skrá. Alls voru 9 einstaklingar sem fengu **lykla** að safninu í tengslum við þetta verkefni: sumarstarfsmennirnir **Kolbrún Sara Magnúsdóttir**, **Helga Þöll Guðjónsdóttir** og **Kormákur Máni Bjarnason**; **Trausti Valsson**, prófessor á eftirlaunum, **Jóhanna Ásgeirsdóttir**, listkennslunemi frá Listaháskóla Íslands, **Þórunn Árnadóttir**, vöruhönnuður; tveir starfsmenn frá HÍ, þær **Jennifer Barrett** og **Stefanía Harðardóttir**; og **Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir**, MA nemi í safnafræði við HÍ, sem hafði aðstöðu hér til að skrifa lokaritgerð sína um Einar Þorstein Ásgeirsson.

Á árinu komu fjórir nemendur frá Worcester Polytechnic Institute í Massachusetts í Bandaríkjunum, **Lewis Ryan Guy**, **Emma E. Lowry**, **Nathan Holden Jackson** og **Lauren Herchenroder**, ásamt tveimur prófessorum, **Ingrid K. Shockey** og **Fred J. Looft**, sem unnu skólaverkefni í samstarfi við safnið yfir sjö vikna tímabil.

Auk þess höfðu tveir íslenskir fræðimenn vinnuaðstöðu í safninu á árinu, þær **Elísabet V. Ingvarsdóttir** og **Arndís S. Árnadóttir**.

Á árinu tók Hönnunarskóli Hönnunarsafns Íslands til starfa, en þar er boðið upp á námskeið fyrir unglunga sem stendur í 10 vikur. Átta nemendur voru skráðir í skólann, en pláss er fyrir 10 nemendur.

Samtals voru það því 30 einstaklingar sem fengu **lykla** að safninu í meira en 4 vikur hver á árinu 2019, auk einstaklinga sem komu að uppsetningu sýninga. Nú er varla þverfótað hér fyrir samtölum og hugmyndum og að sjálfsögðu skynja gestirnir okkar það. Það er galdur að skapa góða stemmningu, maður gerir það ekki einn.

Takk fyrir gott ár 2019.



Stella Stefánsdóttir

Formaður stjórnar Hönnunarsafns Íslands

Hönnun er órjúfanlegur hluti af lífi fólks og snertir allt manngert í umhverfi okkar. Allt frá stóru myndinni eins og borgum, byggingum og samgöngukerfum, til litlu hlutanna í daglegu lífi okkar svo sem umbúða og framsetningar matvæla, fatnaðar, snyrtivara, húsgagna, samgöngutækja, tæknivara, og svo mætti lengi telja. Mikilvægi hönnunar fer vaxandi og hefur jákvæð áhrif á samkeppnishæfni þjóða. Fyrirtæki sem fjárfesta í hönnun eru líklegri til að gefa af sér öflugri nýsköpun, skapa meiri tekjur og vaxa hraðar.


Hönnunarsafn Íslands er sameiginleg minning Íslendinga um íslenska hönnun og endurspeglar hönnunararf þjóðarinnar frá árinu 1900 til nútímans. Það er mikilvægt að varðveita og rannsaka hönnunararf Íslendinga fyrir komandi kynslóðir. Það veitir framtíðarhönnuðum innblástur og getur ýtt undir hönnun, jafnvel nýsköpun, sem sækir andgift í íslenskan hönnunararf.

Núverandi stefnumótun Hönnunarsafnsins hófst haustið 2018 og er lifandi rammi fyrir starfsemi safnsins árin 2018 til 2022. Stefnumótunin er unnin að frumkvæði stjórnar og í samstarfi við forstöðumann safnsins og starfsmann. Hlutverk Hönnunarsafns Íslands er að vera lifandi safn sem eykur vitund, kveikir neista og skapar tækifæri tengd íslenskri hönnun frá árinu 1900 til framtíðar með því að safna, skrá og miðla. Starfsemi ársins 2019 hefur endurspeglað þessa sýn með áhugasömu starfsfólki, spennandi sýningum og viðburðum, og fjölbreyttri flóru lykilhafa og gesta. Safnið hefur því sannarlega verið vettvangur fyrir líflegt samfélag sem lætur sig þessa hluti


varða. Þetta samfélag hefur tekið virkan þátt í að móta safnið og mun gera það til framtíðar.

Menning og listir koma til með að leika stórt hlutverk við áframhaldandi uppbyggingu í Garðabæ. Garðabær leggur mikinn metnað í rekstur Hönnunarsafnsins og spilar safnið veigamikil hlutverk í bæjarfélaginu, þar sem áhersla á hönnun og nýsköpun er höfð að leiðarljósi.

Hönnunarsafn Íslands




Fjöldi gesta 2019



* Af 2.421 gestum sem sóttu viðburði voru 400 börn

Samtals gestir frá árinu 2015–2019



Borgarlandslag
23.03. 2019–06.10. 2019
Sveinn Kjarval, Það skal vanda sem lengi á að standa
02.11. 2019–30.08. 2020

Safnið á röngunni með Einari Þorsteini
06.03. 2018–03.03. 2019

Skráning á keramiksafni
25.05. 2019–27.10. 2019

Fertile Soil: The Glit Era in Icelandic Ceramics
01.04. 2018–01.10. 2020
The Retreat at Blue Lagoon, Iceland

Íslenska Lopapeysan, uppruni, saga og hönnun
24.01.–15.03. 2019
Farandsýning í samstarfi við Heimilisiðnaðarsafnið og Gljúfrastein. Nordatlantisk Hus, Odense, Danmörk


Og andefni
Þórey Björk Halldórsdóttir, hönnuður og Baldur Björnsson, mynd- og raftónlistarmaður
15.11. 2018–17.03. 2019

Veðurvinnustofa
Shu Yi, grafískur hönnuður
23.03.–02.06. 2019

Morra
Signý Þórhallsdóttir, fatahönnuður
17.06.–13.10. 2019

Silfursmiður í vinnustofudvöl
Anna María Pitt
25.10. 2019–23.02. 2020

100ar100hlutir



Alls voru haldnir 37 viðburðir á árinu 2019. Átta opnanir, sjö fyrirlestrar, átta leiðsagnir, fjórir smástundamarkaðir, fimm smiðjur og fimm annarskonar viðburðir, svo sem matarboð, tónlistarferðalag og götubitaboð. Haldin var málstofa í tengslum við skráningarverkefnið *Safnið á röngunni með Einari Þorsteini*, sem og fyrirlestur um gullinsnið. Á Safnanótt var boðið upp á skuggateiknismiðju. Í tengslum við sýninguna *Borgarlandslag* voru haldnir ýmsir viðburðir, svo sem matarboð þar sem farið var yfir sögu Rómar í gegnum bragðlaukana, tónlistarveisla sem leiddi gesti í gegnum sögu Belgrad og smiðja þar sem þátttakendur fengu tækifæri til að byggja sína eigin borg. Reglulega hefur hönnuðum verið boðið að halda smástundamarkað í safnbúðinni. Vel sóttir fyrirlestrar og leiðsagnir hafa verið haldnir í tengslum við sýninguna *Sveinn Kjarval – Það skal vanda sem lengi á að standa*.



Og andefni – Þórey Björk Halldórsdóttir, hönnuður og Baldur Björnsson, mynd- og raftónlistarmaður
15.11.2018–17.03.2019

10

11



Morra – Signý Þórhallsdóttir, fatahönnuður
17.06.–13.10.2019



Silfursmiður í vinnustofudvöl – Anna María Pitt
25.10.2019–23.02.2020

Veðurvinnustofa – Shu Yi, grafískur hönnuður
23.03.–02.06.2019



Fyrir tveimur árum var fatahengi Hönnunarsafns Íslands breytt í opna gestavinnustofu fyrir hönnuði, með vinnu-, sýningar- og söluaðstöðu. Aðstaðan er hluti af safnbúðinni. Vinnustofudvölin miðast við þrjá mánuði og gefur möguleika á samtali milli gesta safnsins og hönnuðanna. Fyrirkomulagið lífgar upp á safnaumhverfið og gefur innsýn í aðferðafræði og störf hönnuða. Vinnustofudvölin hefur einnig stuðlað að því að víkka tengslanet hönnuðanna, og þeir hafa fengið góða kynningu á sínum verkum. Gestir og starfsfólk safnsins hafa notið þess að vera í góðum félagsskap og skapandi andrúmslofti.

VINNUSTOFUDVÖL



SAFNIÐ Á RÖNGUNNI

Innri sýningarsalur safnsins hefur verið tekinn undir skráningar og rannsóknir sem alla jafna færu ekki fram fyrir opnum tjöldum. Skráning er viðamikill hluti af starfsemi safna. Hér geta gestir fylgst með þegar hlutir eru teknir upp úr kössum, ljósmyndaðir, skráðir í safnmunaskrá og loks pakkað eftir kúnstarinnar reglum.

Uppsetningin minnir helst á að vera komin inn í safna-geymslu. Hér er gott pláss og hægt að fá yfirlit yfir gripina sem verið er að skrá. Við þessar aðstæður gefst tækifæri til að skoða sýningarmöguleika og samhengi verkanna. Þetta er lifandi rými og hreyfing á hlutunum sem verið er að taka upp, flokka, skrá, ljósmynda og pakka. Skráning er spennandi ferli sem víkkar sjóndeildarhringinn, kveikir neista og tengingar, hugmyndir, samtöl og minningar. Þetta fyrirkomulag hefur gefist einstaklega vel. Það opnar möguleika á að fá utanað-komandi aðila, svo sem nemendur, eldri borgara og hönnuði til þátttöku. Þessir aðilar, ásamt safnafræðingi safnsins, geta frætt og svarað spurningum. Eins búa gestir gjarnan yfir fróðleik um safngripi sem þeir deila með okkur. Samtal verður til.

Á árinu 2019 voru tvö skráningarverkefni tekin fyrir í rýminu. Annars vegar verk Einars Þorsteins Ásgeirssonar sem bærust safninu að gjöf frá hönnuðinum árið 2014 og hins vegar keramiksafn Önnu Eyjólfsdóttur sem safnið keypti árið 2017 með styrk frá Bláa Lóninu.



Skráning sérsafns Einaris Þorsteins Ásgeirssonar
6.03.2018-8.04.2019

14

15

Safnið á röngunni með Einari Þorsteini
Lengd verkefnis
6.03.2018-8.04.2019 (13 mánuðir)

Verkefnisstjóri Þóra Sigurbjörnsdóttir, safnafræðingur
Tilgangur Að fá yfirlit yfir og skrá sérsafn Einaris
Þorsteins Ásgeirssonar í Sarp og kynna verk hans fyrir almenningi

FERLI VERKEFNIS

Öllum kössum var raðað upp í miðju rýmisins. Hugmyndin var að kassarnir myndu smátt og smátt hverfa eftir því sem leið á verkefnið og í stað þeirra kæmu fram gripir og sýrufriir kassar. Þannig var skráningarferlið gert sýnilegt. Í sýningarrýminu var sett upp aðstaða fyrir ljósmyndun ásamt skráningaraðstöðu, þar sem starfsmaður safnins gat setið og unnið.

Það kom fljótlega á daginn að þetta verkefni var gríðarstórt og öll hjálp vel þegin.

Þorvaldur Böðvarsson, skráningarstjóri hjá Þjóðminjasafni Íslands, var fenginn til ráðleggingar ásamt **Völu Gunnarsdóttur**, fagstjóra Sarps. Þau ráðlögðu að litið yrði á safnið sem sérsafn. Það gerði það að verkum að auðveldara var að búa til yfirsýn með því að vera með flokka.

Sumarið 2018 fékk safnið þrjá sumarstarfsmenn, þau **Kolbrúna Söru Magnúsdóttur**, **Helgu Þöll Guðjónsdóttur** og **Kormák Mána Bjarnason**, sem fengu það hlutverk að aðstoða við skráningu. Meðal verkefna var að púsla saman stórum verkum Einaris og að leysa flóknar samsetningar. Við það að setja saman púslverkin fengum við góða innsýn inn í verkin og gátum myndað þau, mælt og áttað okkur á eiginleikum þeirra.

Við fengum hjálp frá félaga Einaris Þorsteins, **Trausta Valssyni**, prófessor, sem fræddi starfsfólk og gesti um Einar og hans verk.

Jóhanna Ásgeirsdóttir, listkennslunemi frá Listaháskóla Íslands, vann verkefni upp úr safni Einaris Þorsteins og sótti um styrk til að búa til námsefni tengt geómetrískum formum hans. Styrkurinn fékkst ekki en hún vann

góðar hugmyndir að kennsluefni tengdu stærðfræði og myndlist sem hægt er að nýta síðar.

Þórunn Árnadóttir, vöruhönnuður, setti upp vinnuaðstöðu í rannsóknarrýminu og hannaði kerti undir áhrifum frá hugmyndafræði Einaris og formunum sem heilluðu hann. Hún tók einnig á móti skólahópum þar sem hún sagði frá starfi sínu sem vöruhönnuður og hvernig hún nýtti sér innblástur frá Einari Þorsteini.

Einnig voru að störfum hluta af tímanum tveir starfsnemar frá HÍ, þær **Jennifer Barrett** og **Stefanía Harðardóttir**. Þær hjálpuðu til við að taka upp úr kössum og finna út úr flokkum. Þær fengu einnig afmörkuð verkefni innan skráningarinnar, kúluhús og Handmenntaskólann. Ekki síst munaði miklu um að hafa starfsnema á sviði safnafræðinnar til að velta upp ýmsu sem tengist skráningarvinnunni og ræða málin. Það var mjög mikilvægt.

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir var í hópi nema úr safnafræði sem kom í starfsdag á safninu á tímabilinu. Hún endaði á því að skrifa meistararitgerð í listfræði um Einar undir heitinu Skýjaborgir: Hugmyndaheimur Einaris Þorsteins Ásgeirssonar og áhrif hans á Ólaf Elíasson. Hún stefnir á doktorsnám þar sem rannsókn á verkum og hugmyndaheimi Einaris yrði aðalviðfangsefnið.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG LÆRDÓMUR

Verkefnið stóð yfir í heilt ár, og helsta niðurstaðan tengd skráningunni var sú að flokkar safnsins eru nokkurn veginn fullmótaðir. Mikil grisjun fór fram. Verkið var mun tímafreakara en upphaflega var áætlað, en um 230

SAFNIÐ Á RÖNGUNNI MEÐ EINARI ÞORSTEINI

gripir voru skráðir í Sarp. Sú vinna heldur áfram í minni átökum. Það kom fljótt í ljós að verk Einars Þorsteins höfðu til fólks á öllum aldri og dvöldu gestir lengi við að skoða og velta vöngum yfir ýmsum gripum. Þar skipti sköpum að starfsmenn safnsins voru yfirleitt frammi á opnunartíma safns og gátu tekið á móti gestum og frætt þá. Það er ljóst að gjöf Einars Þorsteins býður upp á einstaklega spennandi vinnu með safnfræðslu og rannsóknir. Hún skerpir á mikilvægi þess að safnið fái starfsmann til að sinna safnafræðslu.

FRÆÐSLA
Fjöldi hópa kom á safnið. Mikið var um sjálfsprottnar heimsóknir þar sem frumkvæðið kom frá skólum. Safnið hefur ekki tök á að sinna safnafræðslu sem skyldi, en þó var sérstaklega boðið upp á heimsókn til vöruhönnuðar og var því vel tekið af skólum í Garðabæ. Heildarfjöldi nemenda í skipulögðum leiðsögnum á tímabilinu var **970**.



Skráning á keramiksafni
15.04.2019–29.11.2019

VIÐBURÐIR
Ýmiss konar viðburðir voru haldnir í tengslum við verkefnið. Á þá mættu samtals **926** manns.

Fyrir utan hópa sem fengu leiðsagnir frá starfsfólki safnsins voru helstu viðburðir eftirfarandi:

- **Lítið málþing, Flísatöngin og fjallið** – skráningarfólk safna á höfuðborgarsvæðinu og frá Borgarnesi komu og héldu erindi um skráningarverkefni. Góð umræða fór fram í lokin (apríl 2018).
- **Leiðsögn með Péttri Ármannssyni** (30.6.2018).
- **Ritsmiðja fyrir börn** (16.9.2018).
- **„Leikfimi fyrir heilann“** – farið yfir kennslubók EPÁ *Barnaleikur* (23.9.2018).
- **Ólafur Elíasson hélt fyrirlestur um samstarf þeirra Einars Þorsteins** (18.10.2018).
- **Safnanótt** – teiknun (8.2.2019).
- **Goddur með tvær leiðsagnir** (19.1.2019 og 2.3.2019).
- **Málþing um Einar Þorstein sem skráningarviðfangsefni, innblástur, vin, afa og samstarfsfélaga** (23.2.2019).
- **Jennifer Barrett, starfsnemi með leiðsögn** (16.3.2019).

Skráning á keramiksafni
Lengd verkefnis
15.04.–29.11.2019 (7 mánuðir)

Verkefnisstjóri Þóra Sigurbjörnsdóttir, safnafræðingur
Tilgangur Að fá yfirlit og skrá í Sarp keramiksafn Önnu Eyjólfsdóttur

FERLI VERKEFNIS
Sett var upp gróft skráningarplan í upphafi verkefnis. Byrjað var á að taka allt upp úr kössum. Gripum var raðað mjög tilviljanakennt á borð og í hillur. Þannig fékkst góð tilfinning fyrir stærð safnsins. Fljótt var farið í að raða gripum saman eftir höfundum. Þannig fékkst yfirsýn yfir fjölda leirlistarmanna og verkstæða.

Ákveðið var að nýta þá hjálp sem fékkst með sumarstarfsfólki og fela þeim að mæla stærð gripa, gefa þeim númer og taka myndir af þeim. Þetta voru þau **Vífill Harðarson, Elísa Katrín Kristinsdóttir og Renata Bylgja Einarsdóttir**.

SARPUR OG SKRÁNING
Skráning í Sarp er yfirstandandi (2020) og er einungis um grunnskráningu að ræða, þar sem stærð gripa, efni og mynd er sett inn í færslu. Í lok febrúar 2020 hafa verið skráðar 500 færslur í Sarp.

GESTIR OG GANGANDI
Það var tilfinning starfsfólks að ekki hefðu margir úr keramiksamfélaginu komið til að skoða sýninguna. Hinsvegar var haft samband við tvo leirlistamenn til að hjálpa við greiningu og mat á gripum. Var talað við **Guðnýju Hafsteinsdóttur**, leirlistakonu, og **Magnús Þorgrímsson**, safnara og leirlistamann, til að fara yfir ýmsa gripi. Sú hjálp var afar góð og skipti miklu máli.

Síðar var **Aldís Einarsdóttir**, leirlistarkona, fengin til að skoða sérstaklega stórt safn verka frá Glit, tímabilið eftir Gamla-Glit. Það hjálpaði gífurlega upp á að átta sig á sögu Glit, fyrirtækis sem fór í gegnum miklar breytingar.

SKRÁNING Á KERAMIKSAFNI

Inga S. Ragnarsdóttir, myndlistarmaður og dóttir Ragnars Kjartanssonar, kom og skoðaði það sem var til af munum frá Gamla-Glit og gaf álit á gæðum þeirra. Einnig voru hún og **Kristín G. Guðnadóttir**, listfræðingur, í samstarfi við safnið í tengslum við rannsókn á sögu íslenskrar leirlistar. Þær munu t.d. fá afnot af myndum af stimplum og fleiru í tengslum við útgáfu bókar.

FRÆÐSLA
Nemendahópar frá tveimur grunnskólum Garðabæjar, Sjálandsskóla og Flataskóla, komu í heimsókn. Tækniskólinn, MS og Flensborg komu með hópa í heimsóknir og Listaháskólinn kom einnig í heimsókn. Samtals komu **201** nemandi í heimsókn.

VIÐBURÐIR
Samtals komu **130** manns á viðburði og almennar leiðsagnir.

- **Leiðsögn með Önnu Eyjólfsdóttur** (25.5.2019).
- **Fyrirlestur um rannsókn á sögu leirlistar á Íslandi, Inga S. Ragnarsdóttir** (16.9.2018).



SVEINN KJARVAL, ÞAÐ SKAL VANDA SEM LENGI Á AÐ STANDA

Lengd sýningar
2.11.2019–30.06.2020

Sýningarstjóri Arndís S. Árnadóttir
Sýningarhönnuður Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir

Í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá fæðingardegi Sveins Kjarvals (1919–1981) húsgagna- og innanhússarkitekts var efnt til sýningarinnar *Sveinn Kjarval – það skal vanda sem lengi á að standa*. Sýningin hefur vakið mikla athygli og byggir m.a. á rannsóknum Arndísar S. Árnadóttur en þetta er fyrsta yfirlitssýning á verkum Sveins.

Á sýningunni er sjónum beint að mikilvægu brautryðjenda-
starfi Sveins hér á landi á sviði húsgagna- og innanhúss-
hönnunar um tveggja áratuga skeið (1950–1970). Þá bást
hingað ríkjandi hugmyndir um nútímaleg og skynsamleg
húsakynni þar sem húsgögn áttu umfram allt að vera einföld,
létt og hentug og gerð úr efnivið sem fengi að njóta sín án
nökkurs skrauts.

Sveinn var afkastamikill hönnuður innréttinga í nútímastíl
fyrir verslanir, veitingahús og opinber rými sem tískusveiflur
og nýjar kröfur í tímans rás hafa nú að mestu afmáð. Þær hafa
hins vegar varðveist á ljósmyndum og teikningum. Hann var
vinsæll innanhússhönnuður og kom að hönnun fyrir á annað
hundrað heimili og teiknaði einnig húsgögn eftir pöntunum.
Húsgögn Sveins Kjarvals hafa staðist vel tímans tönn en stefna
hans var ætíð að vanda það „sem lengi á að standa“. Húsgögn
hans frá þessum tíma leynast enn á íslenskum heimilum og
ljóst er að þau eiga erindi við samtímann.

Húsgögn Sveins úr safneign Hönnunarsafns Íslands eru
meginuppistaðan í sýningunni en safnið nýtur jafnframt vel-
vildar einstaklinga sem lána verk og Þjóðskjalasafnsins sem



Frá sýningu verka Sveins Kjarvals
2.11.2019–30.06.2020

20

21

lánar teikningar. Sveinn tileinkaði sér jafnan þann íslenska efnivið sem fyrir hendi var – notaði nær eingöngu íslensk ullaráklæði og skinn á stóla og var líklega einna fyrstur til þess að nota íslenskar bergtegundir í innanhússhönnun hér á landi.

Sýningunni er ætlað að styðja söfnunarmarkmið Hönnunarsafns Íslands á sviði húsgagna- og innanhússhönnunar og er framlag til miðlunar sögu hönnunar á Íslandi.

Sýningin hlaut styrk úr Safnasjóði og frá Epal.



Frá sýningu verka Sveins Kjarvals
2.11.2019–30.06.2020



HÖNNUNARSKÓLI HÖNNUNARSAFNS ÍSLANDS

Lengd 10 vikur
Kennslustundir 20

Hönnunarskóli Hönnunarsafns Íslands hóf störf á árinu. Skólinn er í boði fyrir ungt fólk sem langar að kynnast því hvernig hönnuðir og hugmyndasmiðir vinna.

Í Hönnunarskólanum fá þátttakendur innsýn í störf og aðferðafræði hönnuða.

Í gegnum samtöl, skissur og frumgerðir gefst innsýn í hvað felst í því að vera arkitekt, spilahönnuður, vöruhönnuður, fatahönnuður og matarhönnuður.

Sjö hönnuðir koma að kennslu á námskeiðinu, sem er byggt þannig upp að í fyrstu tvö skiptin er unnið með arkitekta-verkefni, næstu tvö spilahönnunarverkefni og þannig koll af kolli.

Hönnunarskóli Hönnunarsafnsins er rekinn í samstarfi við Klifið, skapandi setur, og þróaður að fyrirmynd og í samtali við Designmuseum Denmark.

Verkefnið hlaut styrk úr Barnamenningarsjóði. Fyrsta námskeiðið var haldið í september 2019 og næsta námskeið verður haldið í september 2020.

Aldur 13-16 ára
Fjöldi 10-12 nemendur

Á árinu var lokið við að innrétta safnbúðina. Hreinn Bernharðsson, vöruhönnuður, sá um að teikna og smíða innréttingarnar, sem eru byggðar á alþýðulausn eða svokölluðu *French clæet* kerfi, sem er útfært eftir þörfum hvers og eins. Auðvelt er að breyta uppsetningu hillukerfisins með litlum fyrirvara.

Í versluninni má finna hönnunarvöru eftir 23 íslenska hönnuði, auk úrvals bóka. Vörurnar í búðinni tengjast starfsemi safnsins, sýningum, vinnustofudvölum og safneign.

Fólk kemur í auknum mæli inn í safnbúðina og við leggjum okkur fram við að upplýsa gesti um verkefnin í safnbúðinni. Þar má til dæmis finna verk eftir flesta hönnuðina sem hafa verið hjá safninu í vinnustofudvöl.



Safnbúð eftir breytingar
Hillukerfi hannað af Hreini Bernharðssyni

SAFNBÚÐ

24

25

Pegar nýjar sýningar eru settar upp í safninu er leitast við að endurnýta efni úr fyrri sýningum eins og mögulegt er. Innréttingar og efni eru endurnýtt eins og sjá má á sýningunum, *Íslensk plötuumslög*, *Borgarlandslag* og *Sveinn Kjarval*, það skal vanda sem lengi á að standa. Einnig eru sömu innréttingarnar nýttar allt árið í innri sal safnsins þar sem verkefnið *Safnið á röngunni* er staðsett. Þeim er raðað upp á mismunandi hátt eftir því hvað hentar hverju verkefni.




Hillukerfi endurnýtt milli sýninga

ENDURNÝTING

Innkoma	
Aðgangseyrir og þjónustutekjur	2.967.711
Sala í safnbúð	4.096.770
Ríkissjóður	17.000.000
Styrkir	2.732.000
Framlag Garðabæjar	65.800.604
Samtals innkoma	92.597.085

Gjöld	
Launakostnaður	32.017.375
Húsaleiga (geymslur, sýningarsalir og skrifstofur)	34.096.452
Innkaup safnbúð	4.034.548
Birgðabreyting í safnbúð (stækkun á lager)	-1.392.745
Önnur vörukaup	5.168.248
Þjónustukaup	18.673.207
Samtals gjöld	92.597.085



Stjórn safnsins á miklar þakkir skilið og þá sérstaklega fyrir stefnumótunarvinnu sem fram fór í lok árs 2018 og hefur verið uppfærð reglulega. Stjórn safnsins skipa: Stella Stefánsdóttir, Guðlaugur Kristmundsson og Kristín Björk Björgvinsdóttir.

Texti Sigríður Sigurjónsdóttir
Hönnun og umbrot Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson, Birna Geirfinnsdóttir)
Prentun Prentmet

Útgefið apríl 2020

